

Alþingi
Erindi nr. P 143/715
komudagur 18.12.2013

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. desember 2013

Efni: Magnafsláttur á opinberum gjöldum, vegið að frjálsri samkeppni, stórum aðilum á markaði hyglt (leyfisgjaldi bílaleiga sem njóta lækkaðra vörugjalda)

Í byrjun árs 2013 breyttust lög um ívilnanir þær sem bílaleigur njóta. Bílaleigur greiða lægri vörugjöld af ökutækjum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, það fyrirkomulag er ekki nýtt. En í byrjun þessa árs var tekið upp leyfisgjald sem bílaleigur þurfa að greiða til að fá að njóta ívilnananna. Gjaldið er á þessa leið:

keypt ökutæki	gjald
0-35	1.750.000
36-250	3.750.000
250-fleiri	6.750.000

Eins og þetta gefur til kynna er um mikla mismunun að ræða og stórum aðilum er hyglt. Ég vísa í minnispunkta frá tekju- og skattaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem gáfu álit um tillögurnar þegar þær lágu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd. "Hins vegar er fjárhæð gjaldsins sem er óháð umfangi viðkomandi bílaleigu og skapar því ákveðið ójafnræði milli minni og stærri aðila í greininni".

Nokkuð skýrt að orði kveðið, einnig veit Samkeppniseftirlitið af þessari mismunun. Til að skýra betur mismununina þá gæti lítil bílaleiga verið að endurnýja 25 ökutæki á ári og greitt því um 70.000 á hvert ökutæki í leyfisgjald en stór bílaleiga endurnýjar 1000 ökutæki greiðir 6.750 á hvert ökutæki.

Bílaleigan FairCar (Summus ehf) fer fram á breytingu á lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. með síðari breytingum:

Að eftirfarandi verði fjarlæggt úr 5 gr. laganna:

Bílaleigur sem hyggjast nýta lækkun á vörugjaldi samkvæmt undanþáguflokki 2. tölul. 2. mgr. þessarar greinar, sbr. 1. mgr. 3. gr., skulu standa skil á leyfisgjaldi bílaleiga sem njóta lækkaðra vörugjalda skv. 2. mgr. áður en lækkun vörugjalda er veitt.

Leyfisgjald bílaleiga sem njóta lækkaðra vörugjalda skal nema 1.750.000 kr. vegna innflutnings á allt að 35 ökutækjum á lækkuðu vörugjaldi á hverju almanaksári. Vegna innflutnings á allt að 250 ökutækjum á lækkuðu vörugjaldi á hverju almanaksári skal greiða 3.750.000 kr. en vegna innflutnings á fleiri en 250 ökutækjum á lækkuðu vörugjaldi á hverju almanaksári skal greiða 6.750.000 kr.

Tollstjóri skal innheimta gjaldið í fyrsta sinn sem viðkomandi bílaleiga óskar eftir niðurfellingu vörugjalda á því almanaksári. Óski bílaleiga eftir að flytja inn fleiri bíla en leyfi segir til um skal viðkomandi bílaleigu heimilt að greiða gjald sem nemur heildargjaldi að frádreginni þeirri fjárhæð sem greidd var fyrir fyrra leyfi á sama almanaksári.

Samtök ferðapjónustunnar tala um í erindi sínu 3. desember 2013 að vörugjöld á bílaleigubíla séu mjög flókin algebra en þessi fráleitu leyfisgjöld eru einmitt úr þeirra smiðju. Þetta hefur valdið því að minni bílaleigur fara síður út í fjárfestingar í nýjum ökutækjum til útleigu en kaupa frekar eldri ökutæki því leyfisgjaldið er svo hátt. Slíkt hefur mjög neikvæð áhrif á öryggi ferðamanna að mati Samtaka ferðapjónustunnar og það er því erfitt að skilja hvað vakir fyrir þeim annað en að vinna að hagsmunum stórra aðila í greininni og koma í veg fyrir nýliðun.

Það er von mín að allir átti sig á því hversu mikilvægt það er að fyrirtæki sem stunda samkeppni sitji við sama borð þegar kemur að opinberum gjöldum. Nú er tækifæri til þess að leiðrétta þessar misgjörðir.

Sé nauðsynlegt að ná jafn mörgum krónum eða fleiri úr atvinnugreininni er hægt að hækka vörugjöldin í undanþáguflokknum og þá sitja allir við sama borð.



fh. bílaleigunnar FairCar (Summus ehf., kt.: 5308070530)